

Ingvar og Kristján ehf.
Trönuhrauni 7c 220 Hafnarfirði.
kt. 660399-2089.
Sími. 8990909.

Skipulags og byggingaráð Hafnarfjarðar.
b.t. hr. skipulagsstjóri Þormóður Sveinsson.

Hafnarfirði 11 nóv. 2016.

Varðar byggingaleyfisumsókn dags. 29 sept. 2016 vegna byggingar gistiheimilis að Trönuhrauni 9 Hafnarfirði.

Undirritaður Ingvar Geirsson f.h. Ingvars og Kristjáns ehf. vill í framhaldi af fundi sem ég ásamt Sigurði Þorvarðarsyni byggingafræðingi, átti með skipulagsstjóra Þormóði Sveinssyni þann 11 nóv. vegna byggingaráforma á lóðinni Trönuhraun 9, óska eftir því formlega að skipulags og byggingaráð svari fyrir og rökstyðji afgreiðslu ráðsins á erindi Ingvars og Kristjáns ehf eiganda lóðarinnar frá fundi ráðsins þann 1 nóv. síðastliðinn, og í framhaldi af því, láti fara fram grenndarkynningu á erindinu í samræmi við 44 gr. Skipulagslaga frá 9 september 2010.

Undirritaður hefur orðið þess áskynja á fundum og í viðræðum við sérfræðinga skipulags og byggingaráðs að þeir eru "meðvitaðir" um að skipulagsráð hefur hlaupið á sig við synjun málsins og það þrátt fyrir ábendingar sérfræðinga um hvernig fara eigi með mál sem þetta.

Ábending skipulags- og byggingarráðs um að skipulag svæðisins sé í heildarendurskoðun, vekur vægast sagt undrun, því gera verður þá kröfu til meðlima ráðsins að þeir séu meðvitaðir um að umrætt svæði hefur verið í skipulagsferli mörg undanfarin ár a. m.k. síðust 20-25 ár, án þess að það hafi stöðvað byggingaferli á einstökum lóðum, má þar nefna byggingar Actavis við Dalshraun, Reykjavíkurveg 52, nýbyggingar við Flatahraun, nýtt verslunarhús á lóð Ofnasmiðjunnar, ásamt mörgum öðrum verkefnum innan svæðisins sem ástæðulaust er að telja upp.

Það er ekki óeðlilegt að gerð sé sú krafa til skipulags og byggingaráðs að ráðið temji sér fagleg vinnubrögð, fari eftir lögum og reglum sem um málaflokkinn gilda, sem og að mismuna ekki einstökum aðilum sem reka þurfa mál fyrir ráðinu.

Virðingarfyllst f.h. Ingvars og Kristjáns ehf.

Ingvar Geirsson